

REGLUR

um öryggisleiðbeiningar vegna efnanotkunar á vinnustöðum.

1. gr.

Gildissvið.

Reglur þessar gilda um varasöm efni og vörutegundir sem nota á við atvinnurekstur sem fellur undir lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

Með varasömum efnum og vörutegundum er átt við eftirfarandi efni og vörutegundir:

- a) Efni sem flokkuð eru samkvæmt reglugerð nr. 236/1990 sem eiturefni eða hættuleg efni og vörutegundir sem innihalda slík efni.
- b) Efni sem hafa ákveðin mengunarmörk eða eru flokkuð sem krabbameinsvaldandi efni samkvæmt reglum nr. 401/1989 um mengunarmörk og aðgerðir til að draga úr mengun svo og vörutegundir sem innihalda slík efni.
- c) Eiturefni og hættuleg efni sem notuð eru í landbúnaði og til útrýmingar meindýra, samkvæmt reglugerð nr. 50/1984.
- d) Efni og vörutegundir sem vegna efna- eða eðlisfræðilegra eiginleika geta að mati Vinnueftirlits ríkisins valdið heilsutjóni eða skapað slyshættu við notkun á vinnustöðum.

Ákvæði þessara reglna gilda ekki um efni sem falla undir lög nr. 46/1977 um skotvopn, sprengiefni og skotelda, lyfjalög nr. 108/1984 og lög nr. 117/1985 um geislavarnir, nema hvað varðar aðra varasama eiginleika en geislavirkni.

2. gr.

Almenn ákvæði.

Sá sem afhendir varasöm efni eða vörutegundir sem falla undir reglur þessar, hvort sem það er framleiðandi, innflytjandi, seljandi eða dreifingaraðili, skal sjá viðtakandanum fyrir öryggisleiðbeiningum með þeim upplýsingum sem greinir í 3. gr.

Öryggisleiðbeiningarnar skulu vera á íslensku.

Öryggisleiðbeiningar skulu afhentar viðtakanda honum að kostnaðarlausu.

Við endurskoðun á öryggisleiðbeiningum skulu allir þeir sem fengið hafa viðkomandi efni eða vörutegund á síðustu 12 mánuðum fá nýjar öryggisleiðbeiningar sér að kostnaðarlausu óski þeir eftir því.

Ákvæði 2. mgr. þessarar greinar á ekki við ef um er að ræða sölu í verslunum sem almenningur á aðgang að, nema nota eigi efnið eða vörutegundina við atvinnurekstur og viðkomandi fari fram á að fá öryggisleiðbeiningar.

Öryggisleiðbeiningar skulu fylgja með efnum og vörutegundum þegar viðtakandi tekur á móti þeim í fyrsta skipti og þegar breytingar hafa verið gerðar á þeim vegna nýrra upplýsinga um öryggi er varðar heilsu starfsmanna og umhverfið. Þegar öryggisleiðbeiningum hefur verið breytt skal koma fram á þeim að um endurskoðaða útgáfu sé að ræða.

Þeir sem nota efni eða vörutegundir við atvinnurekstur skulu sjá til þess að öryggisleiðbeiningar séu til staðar á notkunarstað. Þeir skulu óska eftir að fá öryggisleiðbeiningar við móttöku efna eða vörutegunda þegar þess er þörf.

Ekki er skylt að láta öryggisleiðbeiningar fylgja með efnum og vörutegundum þegar þau eru afhent til almenningsnota enda séu umbúðir merktar samkvæmt reglugerð nr. 236/1990

um flokkun, merkingu og meðferð eiturefna, hættulegra efna og vörutegunda, sem innihalda slík efni. Öryggisleiðbeiningar skal ávallt afhenda ef farið er fram á það og nota á efnið eða vörutegundina við atvinnurekstur.

3. gr.

Upplýsingar í öryggisleiðbeiningum.

Öryggisleiðbeiningarnar sem um getur í kafla II skulu innihalda upplýsingar um eftirfarandi efnisþætti með þessum fyrirsögnum:

- 1) Söluheiti efnis eða vörutegundar. Nafn, heimilisfang og sími íslensks framleiðanda, innflytjanda eða seljanda.
- 2) Samsetning/upplýsingar um innihald.
- 3) Varúðarupplýsingar.
- 4) Skyndihjálp.
- 5) Bruni/aðferðir við að slökkva eld.
- 6) Efnaleki.
- 7) Meðhöndlun og geymsla.
- 8) Eftirlit með mengun/persónulegur hlífðarbúnaður.
- 9) Eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar.
- 10) Stöðugleiki og hvarfgirmi.
- 11) Eiturfræðilegar upplýsingar.
- 12) Hættur gagnvart umhverfinu.
- 13) Förgun.
- 14) Flutningur.
- 15) Upplýsingar um lög, reglugerðir eða reglur sem varða notkun efnisins eða vörutegundarinnar.
- 16) Aðrar upplýsingar.

Umhverfisráðuneytið getur sett nánari reglur um hvaða upplýsingar skuli vera í öryggisleiðbeiningum varðandi verndun umhverfisins.

Framleiðanda, innflytjanda eða seljanda er skylt að veita viðtakanda efna og vörutegunda upplýsingar um þá efnisþætti sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar í formi öryggisleiðbeininga. Upplýsingarnar skulu vera í samræmi við viðauka 1 með reglum þessum. Öryggisleiðbeiningar skulu vera dagsettar.

4. gr.

Gildistaka.

Reglur þessar sem settar eru af stjórn Vinnueftirlits ríkisins samkvæmt heimild í 38., 39., 50. og 51. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum staðfestast hér með til að öðlast gildi þann 1. janúar 1997.

Félagsmálaráðuneytinu, 6. september 1996.

F. h. r.

Húnbogi Þorsteinsson.

VIÐAUKI I

Leiðbeiningar við gerð öryggisleiðbeininga.

Eftirfarandi útskýringar eru leiðbeinandi. Þær eiga að tryggja að upplýsingarnar undir sérhverri yfirskrift í grein 3 í reglunum geri notanda varasamra efna eða vara sem innihalda slík efni kleift að gera nauðsynlegar ráðstafanir með tilliti til öryggis og hollustuhátta á vinnustaðnum.

Upplýsingar skulu vera á íslensku og á auðskildu og skýru máli.

Í ljósi þess að efni eða vörur geta haft margs konar eiginleika getur verið þörf á enn frekari upplýsingum en hér er fjallað um. Ef upplýsingar um vissa eiginleika eiga ekki við eða það er tæknilega ómögulegt að gefa ákveðnar upplýsingar skal geta ástæðanna fyrir því.

Æskilegt er að röðun yfirskriftanna sé fylgt.

Þegar breytingar hafa verið gerðar á öryggisleiðbeiningum skal athygli viðtakandans vakin á þeim.

1. *Söluheiti efnis eða vöru. Nafn, heimilisfang og sími íslensks framleiðanda, innflytjanda eða seljanda.*

1.1 Söluheiti efnis eða vöru skal vera það sama og notað er á umbúðunum.

1.2 Gefa skal upp nafn og heimilisfang þess íslenska aðila sem ber ábyrgð á að efnið eða varan er sett á markað, hvort sem það er framleiðandi, innflytjandi eða seljandi. Heimilisfangið verður að vera fullnægjandi ásamt símanúmeri viðkomandi.

1.3 Við fyrrgreindar upplýsingar má bæta við símanúmeri annarra aðila sem leita má til í neyðartilvikum.

2. *Samsetning/upplýsingar um innihald.*

Upplýsingarnar eiga að gefa móttakandanum möguleika á því að geta á skjótan hátt fundið út hvaða hættur eru samfara notkun efnisins eða vörunnar.

Gefa skal upp öll eiturefni og hættuleg efni ef þau eru í svo miklum styrk að geta þarf þeirra á umbúðum samkvæmt reglugerð nr. 236/1990 um flokkun, merkingu og meðferð eiturefna, hættulegra efna og vörutegunda sem innihalda slík efni.

Gefa skal upp öll efni af skrá 1 og 2 í reglum nr. 401/1989 um mengunarmörk og aðgerðir til að draga úr mengun, ef styrkur þeirra er yfir 0,1%.

Geta skal þeirrar flokkunar sem varan hefur fengið samkvæmt reglugerð nr. 236/1990, þar með taldar hættu- og varnaðarsetningar.

3. *Varúðarupplýsingar.*

Gera skal grein fyrir í stuttu en skýru máli helstu hættunum við efnið eða vöruna og sömuleiðis helstu hættum fyrir menn og umhverfið.

Lýsa skal helstu skaðlegu áhrifunum og einkennunum sem efnið eða varan getur haft á heilsu manna við notkun og einnig við hugsanlega misnotkun.

Upplýsingarnar skulu vera í samræmi við upplýsingar á umbúðum en þurfa ekki að vera endurtekning á þeim.

4. *Skyndihjálp.*

Brýnt er að geta þess ef óhapp verður ef þörf er á lækniástoð þegar í stað.

Upplýsingar um skyndihjálp skulu vera stuttar og auðskiljanlegar fyrir þann skaðaða og þá sem veita eiga skyndihjálp. Einkenna og áhrifa skal stuttlega geta. Í upplýsingunum skal koma fram hvað gera skuli á staðnum ef óhapp verður og einnig ef búast má við síðkomnum áhrifum.

Skipta skal upplýsingunum í undirflokkum eftir því hvernig efnið eða varan kemst í snertingu við viðkomandi, þ.e.a.s. innöndun, snertingu við húð og augu og inntöku. Geta skal þess hvenær þörf er á eða ráðlegt að leita til læknis.

Stundum er nauðsynlegt að til staðar sé á vinnustaðnum sérstakur búnaður eða efni, s.s. lyf, vegna sérstakrar skjótrar meðferðar við óhapp. Ef notkun efnisins krefst þess ber að geta þess sérstaklega.

5. *Bruni/aðferðir við að slökkva eld.*

Geta þarf þess hvaða viðbrögð eru æskileg/nauðsynleg ef kviknar í efninu eða vörunni eða ef eldur er laus í nágrenni.

Gefa skal upp:

- viðeigandi slökkviefni
- slökkviefni sem af öryggisástæðum ekki má nota
- hættur sem stafa frá efnum sem myndast við brunann
- sérstakan persónulegan hlífðarbúnað sem borinn skal við slökkvistörf.

6. *Efnaleki.*

Nauðsynlegt getur verið að gefa upplýsingar um eftirfarandi atriði, allt eftir því um hvaða efni eða vöru er að ræða:

- Öryggisráðstafanir til verndar fólki:
fjarlægja íkveikjuvalda, nægileg loftræsting/öndunargrímur, eftirlit með ryki, ráðstafanir til að fyrirbyggja snertingu við húð og augu o.fl.
- Öryggisráðstafanir til verndar umhverfinu:
að hindra að efnið eða varan berist í niðurfall, yfirborðs- eða grunnvatn eða jörðu, hugsanlega er þörf á að aðvara nágranna o.fl.
- Aðferðir við hreinsun:
notkun á ísogsefnum (t.d. sandi, kísilgúr, sýrubindiefni, alhliða bindiefni, sagi o.s.frv.), takmörkun á gas-/reykmyndun með hjálp vatns, þynning o.fl.

Hugleiða skal þörfina á notkun reglna eins og t.d.: Notið aldrei; Hlutleysist með

Vísa ber jafnvel í kafla 8 og 13.

7. *Meðhöndlun og geymsla.*

7.1 Meðhöndlun.

Gefa skal upp öruggar meðhöndlunarreglur þar með taldar tillögur að tæknibúnaði eins og almenna og sérstaka loftræstingu, aðgerðir til að hindra úða- og rykmyndun og til að koma í veg fyrir bruna og sérstakar kröfur eða reglur um efnið eða vöruna (t.d. um búnað sem er bannaður eða ráðlagður).

7.2 Geymsla.

Gefa skal upp hvernig geymsluaðstæður eiga að vera til að teljast öruggar, t.d. ef þörf er á sérstakri hönnun húsnæðisins (t.d. með tilliti til loftræstingar), hvaða efni eða vörur má ekki geyma með viðkomandi efni eða vöru, geymsluaðstæður (hita- og rakastig o.s.frv.), sérstakan rafbúnað og ef koma þarf í veg fyrir stöðurafmagn.

Þegar það á við skal gefa upp hámarks magn sem má hafa í geymslu.

Veita skal upplýsingar um kröfur, ef nokkrar, um það efni sem nota má í umbúðir um viðkomandi efni eða vöru.

8. *Eftirlit með mengun/persónuhlífar.*

Með eftirliti með mengun er átt við m.a. allar fyrirbyggjandi ráðstafanir sem gera skal við notkun efnisins eða vörunnar til að draga úr þeirri mengun sem starfsmenn geta orðið fyrir.

Grípa skal til tæknilegra aðgerða áður en þörf verður á persónuhlífum. Gefa skal upp hentugan búnað, t.d. lokað kerfi og aðstæður, til viðbótar því sem fjallað er um undir lið 7.1.

Gefa skal upp með tilvísunum mengunarmörk og þar með talin líffræðileg mengunarmörk. Veita skal upplýsingar um heppilegar aðferðir til að mæla eða meta hvort mengun sé undir eða yfir mörkum.

Ofantaldar leiðbeiningar og mörk skulu vera í samræmi við reglur nr. 401/1989 um mengunarmörk og aðferðir til að draga úr mengun á vinnustöðum.

Ef þörf er á persónuhlífum skal veita upplýsingar um hvers konar búnaður er nauðsynlegur eða æskilegur.

- Öndunargrímur.

Ef um er að ræða varasamar lofttegundir, úða eða ryk skal íhuga hvers konar búnaður er heppilegur, t.d. ferskloftsgríma eða gríma með viðeigandi síu.

- Til hlífðar höndum.

Gefa skal upp hvers konar hanskaefni skal nota við meðhöndlun á efninu eða vörunni. Ef nauðsyn krefur skal gefa upplýsingar um annan búnað eða ráð til að verja húð og hendur.

- Til hlífðar augum.

Gefa skal upp hvers konar hlífðarbúnaður er nauðsynlegur eða heppilegur, t.d. hlífðargleraugu eða andlitshlíf.

- Til hlífðar húð.

Ef þörf er á að hlífa öðrum líkamshlutum en höndum skal veita upplýsingar um gerð persónuhlífa, t.d. hlífðarsvuntu, stígvél o.s.frv. Ef nauðsyn krefur skal gefa upp nauðsynlega hreinlætisaðstöðu.

9. *Eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar.*

Þessi hluti skal fjalla um eftirfarandi þætti eftir því sem við á:

Útlit:	Gefa skal upp á hvaða formi efnið eða varan er (fast, fljótandi, loftkennt) og lit efnisins eða vörunnar við afhendingu.
Lykt:	Ef efnið eða varan hefur lykt skal lýsa henni í stuttu máli.
Sýrustig (pH):	Gefa skal upp pH-gildi efnisins eða vörunnar eins og það er þegar efnið eða varan er sett á markað eða á vatnslausn efnisins eða vörunnar. Í síðara tilvikinu skal gefa upp styrkinn.

Suðumark/suðumarksbil

Bræðslumark/bræðslumarksbil

Logamark

Íkveikjumark

Hætta á sjálfíkveikju

Sprengimörk

Eldnærandi eiginleikar

Gufuþrýstingur

Eðlisþyngd

Leysanleiki:

- Vatnsleysanleiki
- Fituleysanleiki (gefa skal upp leysiefnið)

Aðrar upplýsingar:

Hér skal gefa upplýsingar sem skipta máli með tilliti til öryggis eins og t.d. blöndunareiginleika, uppguf-unarhraða, leiðni, seigju o.s.frv.

10. *Stöðugleiki og hvarfgirni.*

Hér skal veita upplýsingar um stöðugleika efnisins eða vörunnar og möguleika á hættulegum efnahvörfum undir vissum kringumstæðum.

Aðstæður sem skal forðast:

Gefa skal upp aðstæður, t.d. hitastig, þrýsting, lýsingu, stuð sem geta komið af stað hættulegu hvarfi og gefa jafnframt stutta lýsingu á því ef þess er nokkur kostur.

Efni sem skal varast:

Gefa skal upp efni, t.d. vatn, loft, sýrur, basa, oxandi efni eða önnur efni sem geta komið af stað hættulegu hvarfi og lýsa því ef þess er nokkur kostur.

Varasöm niðurbrotsefni:

Gefa skal upp þau varasömu efni sem myndast í hættulega miklu magni við niðurbrot.

Ath.: Gefa skal upp með nafni:

- nauðsyn á sérstöku efni til að auka stöðugleikann
- möguleikann á hættulegu útvörmu hvarfi
- þýðingu á hugsanlegri breytingu með tilliti til eðlisfræðilegs útlits efnisins eða vörunnar
- varasöm niðurbrotsefni sem geta myndast við snertingu við vatn
- möguleikann á niðurbroti í óstöðug efni

11. *Eiturfræðilegar upplýsingar.*

Þessi hluti fjallar um þörfina á stuttri en fullnægjandi og auðskiljanlegri lýsingu á hinum mismunandi eituráhrifum (heilsufarsáhrifum) sem notandinn getur orðið fyrir komist efnið eða varan í snertingu við hann.

Veita skal upplýsingar um hættuleg áhrif á heilsuna af völdum efnisins eða vörunnar sem byggðar eru á bæði reynslu og ályktunum út frá vísindalegum rannsóknum. Lýsingin skal innihalda upplýsingar um með hvaða hætti efnið eða varan getur haft skaðleg áhrif (innöndun, inntaka, snerting við húð og augu), ásamt lýsingu á einkennum sem eru af eðlis-, efna- og eiturefnafræðilegum toga. Einnig skal veita upplýsingar um þekkt bráð og síðkomin áhrif og þá einnig áhrif vegna bæði skammvinnrar og langtíma mengunar, t.d. ofnæmi, krabbamein, stökkbreytingar, áhrif á æxlun, þar á meðal fósturskemmdir og svæfingar- og deyfíáhrif.

Með tilliti til þeirra upplýsinga sem fram koma samkvæmt grein 2 um *samsetningu/upplýsingar um innihald* getur verið nauðsynlegt að veita upplýsingar um áhrif einstakra efna á heilsuna.

12. *Hættur gagnvart umhverfinu.*

Veita skal upplýsingar um hvaða áhrif efnið hefur mögulega á umhverfið.

Lýsa skal mikilvægustu einkennum sem gætu haft áhrif á umhverfið vegna eðlis og líklegar notkunar efnisins eða vörunnar:

- hreyfanleiki
- mótstaða og niðurbrotseiginleikar
- uppsöfnun í lífríkinu
- eituráhrif í vatni og aðrar upplýsingar um áhrif á lífríki vatnsins

Athugasemd.

Ef ekki hefur verið lagt mat á áhrif vöru á umhverfið skal gefa ofanefndar upplýsingar um þau efni sem varan er samsett úr og flokkast sem skaðleg fyrir umhverfið.

13. Förgun.

Ef förgun á efninu eða vörunni (umframmagn eða úrgangur vegna fyrirsjáanlegrar notkunar) skapar hættu skal gefa lýsingu á afgangsefnum og upplýsingar um örugga meðferð.

Gefa skal upp viðeigandi aðferðir við förgun bæði á efninu eða vörunni og menguðum ílátum (brennsla, endurvinnsla, urðun o.s.frv.).

14. Flutningur.

Benda skal á reglur sem notandinn eða sá sem annast flutning verður að þekkja til hvort sem um er að ræða tilfærslu á vinnustaðnum eða utan hans.

Hægt er að veita viðbótarupplýsingar úr leiðbeiningum SP og öðrum alþjóðasamþykktum um flutning og umbúðir um varasöm efni og vörur.

15. Upplýsingar um lög, reglugerðir eða reglur sem varða notkun efnisins eða vörunnar.

Endurtaka skal upplýsingarnar sem eru á umbúðunum vegna ákvæða í reglugerð nr. 236/1990 um flokkun, merkingu og meðferð eiturefna, hættulegra efna og vörutegunda sem innihalda slík efni.

Ef sérstök ákvæði (t.d. takmarkanir á notkun) gilda um efnið eða vöruna skal geta þess undir þessum lið.

16. Aðrar upplýsingar.

Veita skal aðrar upplýsingar sem skipt geta máli fyrir öryggi og heilsu, eins og t.d.:

- ráðleggingar um menntun/þjálfun
- ráð um notkun eða takmarkanir á notkun
- ítarlegri upplýsingar (skriflegur heimildarlisti og/eða tæknilegur upplýsingaraðili)
- heimildir og annað hliðsjónarefni við gerð öryggisleiðbeininganna.

Hér skal dagsetning öryggisleiðbeininganna einnig koma fram sé hennar ekki getið annars staðar í þeim.

REGLUGERÐ

um (1.) breytingu á reglugerð nr. 398/1995 um áburð og jarðvegsbætandi efni.

1. gr.

Viðauki 8 með reglugerð nr. 398/1995 orðast svo:

Um efnagreiningar á áburði gilda ákvæði tilskipunar framkvæmdastjórnar ESB (77/535/EBE) og breyting með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 95/8/EB.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 22 29. mars 1994 um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 13. september 1996.

F. h. r.

Guðmundur Sigþórsson.

Jón Höskuldsson.